

**549. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 9. desember 2020
og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Anton Helgi Guðjónsson varaformaður, Þóra Marý Arnórsdóttir formaður, Smári Karlsson aðalmaður og Daníel Jakobsson aðalmaður.

Embættismenn:

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og Heiða Jack, skipulagsfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Heiða Jack, skipulagsfulltrúi.

Dagskrá:

1. Tjarnarreitur á Þingeyri í deiliskipulagi - 2020110077

Lagt fram bréf Valdimars Elíassonar, formanns sóknarnefndar Þingeyrarsóknar, dags. 19. nóvember 2020, þar sem óskað er stækkunar á kirkjugarði Þingeyrarkirkju.

Á 1132. fundi bæjarráðs, þann 30. nóvember 2020, var málinu vísað til skipulags- og mannvirkjanefndar.

Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.

2. Grjótvörn til norður frá Norðurtanga í Skutulsfirði - 2020110080

Lagður fram tölvupóstur Daníels Jakobssonar og Marzellíusar Sveinbjörnssonar, dags. 27. nóvember 2020, þar sem lagt er til að bæjarráð samþykki að umhverfis- og eignasviði verði falið að kanna fýsileika þess að gera grjótvörn til norðurs frá Norðurtanga eða aðrar sambærilegar lausnir sem gætu leitt til þess að land myndist norðan Fjarðastrætis. Samhliða því yrði kannaður fýsileiki þess að koma fyrir landfyllingu á sama svæði þ.e. frá Krók að Norðurtanga á aðalskipulagi Ísfjarðarbæjar sem nú er í vinnslu.

Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram í samráði við ráðgjafa.

3. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar - endurskoðun - 2015100008

Skipulags- og mannvirkjanefnd vinnur stefnumótun fyrir Aðalsskipulag 2020-2032.

Mál sem viðkoma nefndinni eru:

Byggð og byggðaðþróun

Samgöngur

Opin svæði og grænar tengingar

Veitur

Skipulagsfulltrúa gert að móta tillögur í samráði við Arkís.

4. Gámar og lausafjármunir 2019, stöðuleyfi - 2019090029

Elías Jónatansson hjá Orkubúi Vestfjarða ohf. sækir stöðuleyfi fyrir gámarafstöð að Grundarstíg 16, Flateyri. Fylgiskjal er undirrituð umsókn sem barst 4. sept. sl.

Skipulags- og mannvirkjanefnd samþykkir að veita stöðuleyfi til eins árs.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:50

Anton Helgi Guðjónsson

Þóra Marý Arnórsdóttir

Smári Karlsson

Daníel Jakobsson

Axel Rodriguez Överby

Heiða Jack